



# **Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks**

**BsVest  
Ársskýrsla 2017**

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 2  |
| Félagsþjónustusvæðin .....  | 3  |
| Þjónusta sem veitt var á árinu 2017.....  | 3  |
| Fjöldi fullorðinna einstaklinga með fötlun .....  | 4  |
| Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.....   | 5  |
| Stuðningsfjölskyldur .....  | 7  |
| Sumarúrræði .....   | 7  |
| Lengd viðvera .....   | 8  |
| Hæfingarstöðin Hvesta.....  | 8  |
| Búseta – sólarhringsþjónusta .....  | 9  |
| Frekari liðveisla.....  | 9  |
| Litið yfir farinn veg og verkefni framundan.....  | 12 |
| <br>  |    |
| Mynd 1 Fjöldi fullorðinna einstaklinga.....   | 4  |
| Mynd 2 Fjöldi fullorðina í virkri þjónustu .....  | 5  |
| Mynd 3 Fjöldi barna með fötlunargreiningu .....   | 6  |
| Mynd 4 Fjöldi barna í virkri þjónustu .....   | 6  |
| Mynd 5 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagsþjónustusvæðum .....           | 7  |
| Mynd 6 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtí mavistun eftir sólarhringsfjölda á ári ..... | 6  |
| Mynd 7 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagsþjónustusamningum .....               | 7  |
| Mynd 8 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagsþjónustusvæðum .....            | 8  |
| <br>  |    |
| <a href="#">Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtí mavistunar frá 2012-2017.....</a>            | 6  |
| <a href="#">Tafla 2 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2012-2017.....</a>               | 7  |
| <a href="#">Tafla 3 Rekstrarniðurstaða Hvestu .....</a>                                     | 9  |
| <a href="#">Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu .....</a>                                     | 9  |
| <a href="#">Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu).....</a>                          | 10 |
| <a href="#">Tafla 6 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla) .....</a>                         | 10 |
| <a href="#">Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla).....</a>                         | 11 |

## Inngangur

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa saman að þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu um áramótin 2010/2011. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (framvegis BsVest) sér um málaflokkinn.

Fundir stjórnar BsVest voru níu á árinu 2017.

Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks var haldin .

Stjórn skipa:

Andrea Kr. Jónsdóttir, formaður, Strandabyggð  
Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ.  
Indriði Indriðason, varaformaður, Tálknafjarðarhreppur.  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi.  
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi, fyrir FV.

Varamenn í stjórn:

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.  
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ.  
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð.  
Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð.

Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps sem er skipaður af félagsmálastjórum hjá hverju þjónustusvæði fyrir sig á Vestfjörðum og verkefnastjóra BsVest.

Félagsþjónusturnar eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest.

Verkefnahópur BsVest er skipaður þeim:

Sif Huld Albertsdóttir, formaður, verkefnastjóri BsVest.  
Margrét Geirsdóttir, varaformaður, Ísafjarðarbæ.  
Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð.  
Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungavíkurkaupstaður.  
María Játvarðardóttir, Strandabyggð.  
Einnig situr Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri fundi verkefnahóps og ritar fundargerðir.

Fundað er reglulega, árið 2017 voru sex fundir skráðir, bæði voru snertifundir og símafundir.

## Félagsþjónustusvæðin.

### 1. Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), atvinnutengd úrræði, frekari liðveisla, lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólarhringsþjónusta), sumarúrræði.

### 2. Félagsþjónustan við Djúp.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði) hæfing/iðja( veitt á Ísafirði), frekari liðveisla.

### 3. Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla, þjónustuíbúð og búseta.

### 4. Félagsþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur og frekari liðveisla ásamt því að skammtímavistun er veitt (Ísafirði), hæfing/iðja (Ísafirði).

## Þjónusta sem veitt var á árinu 2017.

*Hér á eftir er samantekt á þjónustu sem veitt var á árinu 2017.*

Við skiptingu milli svæða er tekið mið af félagsþjónustusvæðum en ekki hverju sveitarfélagi fyrir sig, nema Ísafjarðarbær, Félagsþjónustan við Djúp tekur þannig mið af Súðavík og Bolungarvík, Strandabyggð og Reykhólahreppur tekur mið af Strandabyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi og Félagsþjónustan Vestur-Barðastrandarsýslu tekur mið af Vesturbyggð og Táknafirði.

Ráðgjafaþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt niður í lok árs 2010 eftir skiptingu frá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, rétt áður en yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks fór fram.

|   |           |
|---|-----------|
| Félagsþjónusta við Djúp:                  | 0,34 stg. |
| Ísafjarðarbær                             | 2,02 stg. |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps  | 0,48 stg. |
| Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu | 0,16 stg. |
| Byggðasamlagið                            | 1,0 stg.* |

\*Verkefnastjóri er í 80% stg. og 20% stg. eru rekstur og bókhald.

### Fjöldi fullorðinna einstaklinga með fötlun


Fjöldi fullorðinna fatlaðra einstaklinga á þjónustusvæði BsVest árið 2017. Ekki eru allir einstaklingar í virkri þjónustu.

Ísafjarðarbær er með 42 einstaklinga.

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 20 einstaklinga.

Félagsþjónustan V. Barðastrandasýslu er með 11 einstaklinga.

Félagsþjónustan við Djúp er með 9 einstaklinga.



Mynd 1 Hlutfall fullorðinna einstaklinga


Fjöldi fullorðna fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu hjá sveitarfélögum má sjá á mynd tvö, skiptingin fyrir árið 2017.

Ísafjarðarbær er með 29 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 6 einstaklinga í virkri þjónustu.


Félagsþjónustan V. Barðastrandasýslu er með 2 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónustan við Djúp er með 7 einstaklinga í virkri þjónustu.




Mynd 2 Hlutfall einstaklinga í virkri þjónustu.

Samtals eru 49 börn á svæði BsVest sem eru með fötlunargreiningu, þau skiptast milli félagsþjónustusvæða eins og sést á mynd þrjú.



Mynd 3 Fjöldi barna með fötlunargreiningu

Börn í virkri þjónustu á svæði BsVest.



Mynd 4, fjöldi barna í virkri þjónustu


## Skammtíavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.

Skammtíavistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar. Húsnæði er í eigu Ísafjarðarbæjar.


Þjónustu skammtíavistunar er ætlað að draga úr álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötlud ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtíavistun með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum. Skammtíavistunin hefur verið nýtt af öllum félagsþjónustusvæðum en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst

henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtíavistunar er einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum.

Árið 2017 fengu tvö börn og einn fullorðin þjónustu skammtíavistunarinnar og skiptist þannig eftir þjónustusvæðum.



Mynd 5 Fjöldi þjónustunotenda skammtíavistunar eftir félagsþjónustusvæðum



Mynd 6 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtíavistun eftir sólarhringsfjölda á ári

Rekstrarniðurstaða skammtíavistunar frá árinu 2012.

| 2012–       | 2013–      | 2014–       | 2015–       | 2016–       | 2017–       |
|-------------|------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| 49,65 m.kr. | 48,1 m.kr. | 36.4 m. kr. | 38.3 m. kr. | 35.6 m. kr. | 36.7 m. kr. |

Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtíavistunar frá 2012-2017

## Stuðningsfjölskyldur.

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Á árinu 2017 voru 12 samningar vegna stuðningsfjölskylda, frá einum til þriggja sólarhringa í mánuði. Öll þjónustusvæði veittu þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Fjöldi þeirra sem fær þjónustu stuðningsfjölskyldu skipt eftir félagsþjónustusvæðum.



Mynd 7 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagsþjónustu

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli ára.

| BsVest 2012 | BsVest 2013       | BsVest 2014        | BsVest 2015       | BsVest 2016       | BsVest 2017       |
|-------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 9 samningar | 10 samningar      | 9 samningar        | 14 samningar      | 14 samningar      | 12 samningar      |
|             | 23,3 sólarhringar | 22,45 sólarhringar | 32,5 sólarhringar | 32,3 sólarhringar | 30,4 sólarhringar |

Tafla 2 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2013-2017

## Sumarúrræði.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Misjafnt er milli félagsþjónustusvæða hver þörfin er fyrir sumardvöl en ekki hefur verið boðið upp á hana á Vestfjörðum, sumarúrræði hafa verið í boði og hafa þau verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.



## Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá öllum félagsþjónustunum. Boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.–10. bekk hjá félagsþjónustunni við Djúp, félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps og Ísafjarðarbæ, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu.

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna var kr. 2.051.605,- fyrir árið 2017 sem skiptist milli félagsþjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir frá jöfnunarsjóð.

## Hæfingarstöðin Hvesta.

Hvesta er á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstrinum en fullorðnir einstaklingar með fötlun á Vestfjörðum hafa kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum geta sótt um tímabundið starf þar á meðan á dvöl þeirra í skammtí mavistun stendur.

Húsnæði hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila og tók Ísafjarðarbær við langtíma leigusamningi.


Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og taka þátt í daglegu lífi.

Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið og skiptist starfið niður í eftirfarandi þætti:

- ✓ Starfs og félagsleg þjálfun til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða tengingu við fyrirtæki á almennum markaði.
- ✓ Undirbúningur fyrir ýmis viðfangsefni jafnt innan eigin heimilis eða utan þess.

Í lok árs 2017 voru fastir starfsmenn með fötlun 16 talsins. Nokkuð misjafnt er hversu lengi dags starfsmenn eru við dagleg störf í Hvestu og einnig er misjafnt hvort starfsmenn eru í hæfingu eða iðju. Dagleg þjónusta er frá tveim tímum 2x í viku upp í átta tíma á dag og miðast vinnutíminn af getu hvers og eins.

Skipting milli félagsþjónustusvæða.



Mynd 8 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagsþjónustusvæðum.

### Rekstrarniðurstaða Hvestu.

| 2012– Hvesta | 2013– Hvesta | 2014– Hvesta | 2015– Hvesta | 2016– Hvesta | 2017– Hvesta |
|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| 30.54 m.kr.  | 31.30 m.kr.  | 35.35 m. kr. | 41.7 m. kr.  | 45.7 m. kr.  | 46,67 m. kr. |

Tafla 3. Rekstrarniðurstaða Hvestu

### Búseta – sólarhringsþjónusta.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að fatlaður einstaklingur eigi rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa.

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kostna á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á búsetuþjónustur hjá tveim þjónustusvæðum og í lok árs 2017 voru 10 einstaklingar í búsetu á Vestfjörðum.

Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá V til XII. A og samkvæmt þeim stöðlum er það fólk sem hefur mikla stuðningsþörf.

### Rekstrarniðurstaða búsetu.

|                                    | 2012<br>Félagsþj. | 2013<br>Félagsþj. | 2014<br>Félagsþj. | 2015<br>Félagsþj. | 2016<br>Félagsþj. | 2017<br>Félagsþj. |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Ísafjarðarbær                      | 111.7<br>m.kr.    | 133.4<br>m.kr.    | 170.5 m.<br>kr.   | 233 m. kr         | 216.7 m.<br>kr    | 231,3 m.<br>kr    |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 10.4<br>m.kr.*    | 7,1<br>m.kr.*     | 5.4 m.<br>kr.*    | 21.8<br>m.kr.     | 35.4<br>m.kr.     | 39,8<br>m.kr.     |

Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu

### Frekari liðveisla.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992, með síðari breytingum er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu og í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um frekari liðveislu sem sérstakan stuðning sem er margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Frekari liðveisla er þjónusta sem er veitt hjá öllum félagsþjónustusvæðum á Vestfjörðum.

Fjöldi í þjónustu:

|  | 2013 einstaklingar í frekari liðv. | 2014 einstaklingar í frekari liðv. | 2015 einstaklingar í frekari liðv. | 2016 einstaklingar í frekari liðv. | 2017 einstaklingar í frekari liðv. |
|--|------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------|
| Ísafjarðarbær                            | 19                                 | 9                                  | 17                                 | 19                                 | 19                                 |
| Félagsþjónustan við Djúp                 | 2                                  | 1                                  | 2                                  | 2                                  | 2                                  |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla       | 2                                  | 8                                  | 1                                  | 1                                  | 1                                  |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0                                  | 0                                  | 0                                  | 0                                  | 1                                  |
| Samtals                                  | 24                                 | 18                                 | 18                                 | 22                                 | 23                                 |

Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)

Fjöldi stöðugilda:

|  | 2013 stöðugilidi í frekari liðv. | 2014 stöðugilidi í frekari liðv. | 2015 stöðugilidi í frekari liðv. | 2016 stöðugilidi í frekari liðv. | 2017 stöðugilidi í frekari liðv. |
|--|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| Ísafjarðarbær                            | 4,89 stg.                        | 4,89 stg.                        | 2,64 stg.                        | 3,05 stg.                        | 4,4 stg                          |
| Félagsþjónustan við Djúp                 | 0,27 stg                         | 0,27 stg                         | 0,27 stg.                        | 0,27 stg.                        | 0,27 stg.                        |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla       | 3 stg                            | 3 stg                            | 1 stg                            | 1 stg                            | 1 stg                            |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0 stg                            | 0 stg                            | 0 stg                            | 0,25 stg                         | 0,25 stg                         |
| Samtals                                  | 8,16 stg                         | 8,16 stg                         | 3,91 stg.                        | 4,57 stg.                        | 7,19 stg.                        |

Tafla 6 Fjöldi í stöðugilda (Frekari liðveislu)

Rekstrarniðurstaða:

|   | 2013<br>rekstarniður<br>staða | 2014<br>rekstarniður<br>staða | 2015<br>rekstarniður<br>staða | 2016<br>rekstarniður<br>staða | 2017<br>rekstarniður<br>staða |
|---|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
| Ísafjarðarbær                                   | 23,4 m.kr.                    | 24,2 m.kr.                    | 25,1 m.kr.                    | 29 m.kr.                      | 32 m.kr.                      |
| Félagsþjónustan við Djúp                        | 1 m.kr.                       | 1,5 m.kr.                     | 1,2 m.kr.                     | 1,4m.kr.                      | 1,4 m.kr.                     |
| Félagsþjónustan á Stranda og Reykhóla           | 10,7 m.kr.                    | 10 m.kr.                      | 4.2 m.kr                      | 5,8 m.kr                      | 6,2 m.kr                      |
| Félagsþjónustan á Vestur-Barðastranda<br>rsýslu | 0 m. kr                       | 0 m.kr                        | 0 m.kr.                       | 1,4 m.kr.                     | 1,4 m.kr.                     |
| <b>Samtals:</b>                                 | 35,1 m.kr.                    | 35,7 m.kr.                    | 30,5 m.kr.                    | 37,6 m.kr.                    | 41,2 m.kr.                    |

Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)

## Litið yfir farinn veg og verkefni framundan

Árið 2017 byrjaði á því að styrkir vegna náms, verkfæra og tækjakaupa voru samþykktir og greiddir út fyrir árið á undan.

Ísafjarðarbær lagði fram minnisblað þann 23. janúar 2017 um að Ísafjarðarbær vilji leggja í þá vegferða að taka yfir þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu. Haldið var málþing í október sl. þar sem farið var yfir tillögu Ísafjarðarbæjar með breytingum og varpað upp hugmynd um leiðandi sveitarfélag. Aukafundur var áætlaður til að taka fyrir tillögu Ísafjarðarbæjar að gerast leiðandi sveitarfélag en honum var frestað um óákveðinn tíma þegar Ísafjarðarbær dró tillögu sína til baka fyrir fundinn. Ísafjarðarbær sendi formanni stjórnar BsVest formlega tilkynningu þann 21. desember sl. um úrsögn Ísafjarðarbæjar úr BsVest, tilkynningin liggur fyrir aðalfundi BsVest þann 2. maí 2018.

Einnig vill ég minnast á vel heppnaðan starfsdag sem haldin var á árinu 2017. Þar var notast við innviði verkefnahóps og fengum einnig Hörð Högnason framkvæmdastjóra hjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða til að tala aðeins um áföll eða slys á vinnustað hvað ber að gera í kjölfarið og hvernig bregðast á við, einnig var María Játvarðardóttir félagsmálstjóri Stranda og Reykhólahrepps með erindi um valdeflingu og hugmyndafræðina þjónandi leiðsögn.

Sótt var um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir einstaklinga á þjónustusvæðinu, en NPA hefur verið tilraunaverkefni frá 2011, lögfesting þess mun eiga sér stað árið 2018. BsVest tók ekki þátt fyrstu árin í tilraunaverkefninu um NPA en árið 2016 sótti BsVest um fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum um að gerast aðili að tilraunaverkefni NPA, því var hafnað þar sem ekki var hægt að bæta við fleiri samningum á tilraunatímabilinu. Árið 2017 vorum við á biðlista fyrir NPA en ekki fékkst nægt framlag frá ríkinu til að geta hafið þjónustu NPA á öllu landinu, þörfin er mikil innan svæðis BsVest og bindum við miklar vonir við það að með lögfestingu NPA mun frelsi varðandi þjónustu aukast og einstaklingar sem kjósa að fá NPA fái það.

Farið var í nýliðun á SIS mati og einnig endurmat, SIS mat er mat á stuðningsþörf, nýliðun ársins 2017 voru tveir og einn í endurmat. Árið 2017 var einnig farið í að framkvæma SIS mat

barna, en það var gert í gegnum skólaskrifstofur á hverju svæði fyrir sig, þannig að BsVest hefur enga yfirsýn yfir öll þau börn sem fara í SIS mat.

Ef horft er til byrjun árs 2018 þá hefur verið gífurleg vinna í að klára fjárhagsáætlunargerð, þar sem framkvæmdastjóri þarf að vera með mun fyrr í ferli fjárhagsáætlunargerðar hjá sveitarfélögunum innan BsVest varðandi málaflökkinn.

Það sem framundan er, eru skipulagsbreytingar sem stjórn samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar sl. og eru nú þegar hafnar, þar sem verkefnastjóri tekur við starfi framkvæmdastjóra og er Aðalsteini Óskarsyni fyrrum framkvæmdastjóra BsVest þakkað gott starf í gegnum árin, einnig færast starf framkvæmdastjóra BsVest nánar inn til sveitarfélagana sem á að verða til þess að betra flæði upplýsinga og samstarf verði haft að leiðarljósi.

Samstarfs- og þjónustusamningar ásamt endurskoðuðum viðaukum verða sendir eftir aðalfund þann 2 maí 2018.

Framkvæmdastjóri mun einnig á árinu, endurskoða reglur BsVest ásamt því að auglýsa eftir styrk til náms verkfæra og tækjakaupa, einnig mun starfsdagur ásamt annarra verkefna sem framkvæmdastjóra er falið.

Ekki er mörg stór framkvæmdarverkefni í málaflökknum framundan hjá sveitarfélögunum sem koma að BsVest en vert er að nefna eitt verkefni sem mun þurfa að ganga í árið 2018 en það er stækkun á húsnæði Hvestu hæfingarstöðvar, Ísafjarðarbær hefur greint frá stöðu mála og hófst vinna við að skoða hentugar lausnir og þarfagreiningu á starfseminni.

Framlög jöfnunarsjóðs til málaflökksins 2018 standast ekki á við áætlun sveitarfélaga og fjárhagsætlun BsVest fyrir 2018, þó svo að hækkun hafi átt sér stað á milli ára 2017 og 2018 þá er það ekki að duga fyrir þeirri umfangsmiklu og sérsniðnu þjónustu sem Vestfirðir veita. Kostnaðarmat SIS mats endurspeglar á engan hátt þá þjónustu sem viðkomandi á rétt á, er það verkefni framkvæmdastjóra að fá nánari svör frá ráðuneytinu hvers vegna SIS mat er ekki í takt við kostnað á lögbundinni þjónustu.

Jöfnunarsjóður hefur sett inn í regluverk sitt framlag vegna fjarlægðar, þar sem tekið er mið að fjölda sveitarfélaga og vegalengdar þar á milli, þar er BsVest að tæpar 37 millj. kr. fyrir

árið 2018 og eru tvö sveitarfélög með hærri framlög undir þessum lið það eru Suðurland og Vesturland, ef ekki nýtur samstarfs sveitarfélaga þá fengum við ekki þessi framlög til Vestfjarða.

Taka verður sérstaklega fram og ber að þakka Ísafjarðarbæ fyrir þeirra vinnu í hagræðingarferli innan málaflokksins.

BsVest verður að halda vel á því sem það hefur, sveitarfélögin verða að vinna saman að þessu verkefni og treysta hvort öðru bæði í orði og verki.

Með þökk fyrir lesturinn

Sif Huld Albertsdóttir  
Framkvæmdastjóri BsVest